



UMHVERFIS
STOFNUN

Friðland í Flatey

Stjórnunar- og verndaráætlun

Flatey á Breiðafirði – Reykhólahreppur– Friðland





UMHVERFIS
STOFNUN



Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík
591 2000
ust@ust.is
ust.is

Heiti skýrslu Stjórnunar- og verndaráætlun - Friðland í Flatey
Útgáfunúmer UST-2023:09
Mánuður, ár Mars, 2024
Ritstjórar Ingibjörg M. Bjarnadóttir og Edda Kristín Eiríksdóttir
Útgefandi Umhverfisstofnun
Forsíðumynd danielpeturs/Unsplash.com
Aðrar myndir Edda Kristín Eiríksdóttir
Mynd af fýl: Jóhann Óli
Myndir af tjaldi, teistu, þórshana og lóupræl:
Shutterstock



UMHVERFIS
STOFNUN



UMHVERFIS
STOFNUN

Leiðarljós fyrir friðlandið í
Flatey er að varðveita
einstakt lífríki svæðisins
með skýrri stýringu
umferðar og fræðslu



1

UMGJÖRÐ

Um áætlunina
Eignarhald og umsjón
Flatey
Kort af svæðinu
Samráð
Skipulagsáætlanir
Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi
Verndargildi og verndarflokkur
IUCN
Alþjóðlegar skuldbindingar
Loftslagsþáttur

2

STAÐA, STEFNA OG LEIÐIR

Aðkomuleiðir
Umferð frá sjó
Náttúrufar, gróður og vistgerðir
Dýralíf
Jarðminjar og landslag
Menningarminjar
Landnotkun
Ferðaþjónusta og útivist
Umsjón og landvarsla
Gönguleiðir og aðgengi
Skilti og fræðsla
Kvikmyndatökur, viðburðir og samkomuhald
Mönnuð og ómönnuð loftför
Rannsóknir og vöktun
Heimildaskrá

3

SÉRREGLUR

Um áætlunina

Stjórnunar- og verndaráætlun þessi er unnin í samræmi við 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og skal hún endurskoðuð eftir því sem tilefni er til. Í fyrsta kafla er fjallað um vinnslu áætlunarinnar og stjórnsýslu. Annar kafla fjallar um stöðu svæðisins og markmið sem sett eru fyrir friðlandið ásamt þeim leiðum sem farnar verða til að ná þeim. Í þriðja kafla eru settar fram þær sérreglur sem gilda um friðlandið samkvæmt áætlun þessari. Meðfylgjandi stjórnunar- og verndaráætluninni er hlaupandi aðgerðaáætlun sem er uppfærð árlega. Í aðgerðaáætlun eru tilgreindar þær aðgerðir sem farið skal í árlega sem og tímasettar aðgerðir.

Meginmarkmið með gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið í Flatey er að móta stefnu um verndun þess með aðgerðum í sátt við ábúendur, landeiganda, gesti og aðra hagsmunaaðila. Sérstaða friðlandsins er mikil og stefnt er að því að standa vörð um og efla jákvæða ímynd svæðisins.

Vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar friðlandsins í Flatey hófst upphaflega í ágúst 2015. Í maí 2017 voru kynnt drög að áætluninni þar sem hagsmunaaðilum og öðrum gafst færi á að leggja fram athugasemdir og ábendingar. Í því samtali sem fylgdi vinnunni kom fram vilji til að stækka friðlandið og endurskoða friðlýsinguna og því var vinna við verndaráætlun sett á bið þar til endurskoðun friðlýsingar væri lokið. Endurskoðuð friðlýsing tók gildi 11. ágúst 2021. Vinna við stjórnunar- og verndaráætlun var tekin upp að nýju í febrúar árið 2022 þegar nýr samstarfshópur var skipaður. Áætlunin er unnin af samstarfshópnum og stýrði fulltrúi Umhverfisstofnunar vinnunni skv. 81. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Samstarfshópin skipuðu:

- Edda Kristín Eiríksdóttir, Umhverfisstofnun
- Ingibjörg Marta Bjarnadóttir, Umhverfisstofnun
- Hafsteinn Guðmundsson, ábúandi í Flatey
- Hrefna Jónsdóttir, Reykhólahreppi
- María Gestsdóttir, Framfarafélagi Flateyjar
- Svava Sigurðardóttir, Framfarafélagi Flateyjar



Fyrri samstarfshóp um vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun friðlandsins í Flatey skipuðu:


- Hákon Ásgeirsson, Umhverfisstofnun
- Svanhildur Jónsdóttir, ábúandi í Flatey
- Hafsteinn Guðmundsson, ábúandi í Flatey
- Áslaug B. Guttormsdóttir, Reykhólahreppi
- Kristín Ingimarsdóttir, Framfarafélagi Flateyjar

Eignarhald og umsjón

Friðlandið í Flatey er í Reykhólahreppi og er í eigu íslenska ríkisins. Umhverfisstofnun annast umsjón og rekstur svæðisins sbr. 4. gr. auglýsingar um friðlýsingu og 2. mgr. 13. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Umhverfisstofnun er heimilt að fela öðrum umsjón með friðlandinu sbr. 85. gr. náttúruverndarlaga og skal þá gerður sérstakur samningur um umsjón og rekstur. Til grundvallar samningi um umsjón friðlýsts svæðis skal liggja fyrir stjórnunar- og verndaráætlun.

Sérfræðingur Umhverfisstofnunar á sunnanverðum Vestfjörðum hefur umsjón með friðlandinu og ber ábyrgð á framkvæmd stjórnunar- og verndaráætlunar í samstarfi við Reykhólahrepp, ábúendur, Breiðafjarðarnefnd og Framfarafélag Flateyjar.

Minjastofnun Íslands fer með umsjón menningarminja.



Flatey

Flatey á Breiðafirði er eina eyja Breiðafjarðar sem er í byggð allt árið og þar hefur samspil manns og náttúru lengi verið náið við nýtingu auðlinda. Austurhluti eyjunnar ásamt nálægum eyjum og hólum er friðlýstur sem friðland samkvæmt auglýsingu [nr. 955/2021](#). Svæðið var fyrst friðlýst árið 1975 vegna fuglaverndar en árið 2021 var friðlýsingin endurskoðuð og friðlandið stækkað. Líffræðileg fjölbreytni svæðisins er mikil og þar er fjölskrúðugt fuglalíf. Í sundum milli eyja eru leirur með fjölbreyttum sjávarlífverum. Náttúrufegurð svæðisins er rómuð og víðsýnt er um Breiðafjörð úr Flatey. Gróðurfar einkennist af túnum, grasmóum, gulstarmýrum og sjóflæðagróðri. Þar finnst marhálmur sem er sjaldgæfur á landsvísu.


Friðlandið í Flatey er innan verndarsvæðis Breiðafjarðar sbr. [lög um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995](#). Breiðafjörður allur, þ.m.t. Flatey, hefur hátt verndargildi vegna fjölbreyttra búsvæða og mikilvægis fyrir fugla- og dýralíf. Breiðafjörður er á lista [BirdLife International](#) sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði.

Friðlandið í Flatey er 1,62 km² að flatarmáli og markast af svæði austan línu sem dregin er þvert frá Lundabergi að vestan að lóðarmörkum Klausturhóla á austanverðri eyinni, svo og eftirtaldar eyjar og hólmar er liggja suður af austanverðri Flatey: Akurey, Langey, Hádegishólmi, Geirhólmi, Kerlingarhólmi, Máfeyjar, Flathólmi og Lágmúli. Þar sem friðlandið nær í sjó fram tekur friðlýsingin til hafsbotns, lífríkis og vatnsbols.

Aðliggjandi friðlandinu er verndarsvæði í byggð sem er friðlýst skv. [auglýsingu nr. 200/2021](#) og nær til þorpsins í Flatey, mýra og strandar og svæðisins umhverfis kirkjuna.

Friðlandið afmarkast af hnitum sem gefin eru upp í ISN93 hnitakerfi og er að finna í auglýsingu um friðlýsinguna.

Ítarlegri upplýsingar og fróðleik um friðlýsta svæðið má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar á slóðinni www.ust.is/flatey.





100 200 300 400 500 600 700 800 900 1.000 Meters


UMHVERFIS STOFNUN
<http://www.usf.is>

Friðland í Flatey

 Friðlandsmörk

Flatarmál:	162 ha (1,62 km ²)
Kortavörpun:	Lambert keiluvörpun
Hnattstaða:	15N93
Kortagerð:	Guðni Hannesson LMÍ
Dægs:	14.08.2020
© Landmælingar Íslands	

Samráð


Víðtækt samráð er mikilvægt til að ná fram markmiðum þessarar áætlunar. Í samræmi við 3. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd var haft samráð við fagstofnanir og aðila sem hagsmuna eiga að gæta á svæðinu. Við upphaf vinnunnar var sent bréf til fagstofnana og hagsmunaaðila þar sem tilkynnt var að vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar væri að hefjast. Þessum aðilum var einnig sent bréf í upphafi sex vikna kynningarferlis í apríl 2023 þar sem upplýst var um kynningartíma og hvar tillögu að áætluninni væri að finna.

Drög að stjórnunar- og verndaráætlun voru auglýst í sex vikur í apríl-maí 2023 og öllum athugasemdum og ábendingum var svarað í greinargerð á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Fundargerðir og hagsmunaaðilagreiningu má nálgast á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Skipulagsáætlanir

Í gildi er [aðalskipulag Reykhólahrepps 2022-2034](#). Í skipulaginu er friðlandið í Flatey skilgreint sem friðlýst svæði.



Stjórnýsla

Austurhluti Flateyjar í Breiðafirði ásamt nálægum eyjum var fyrst friðlýstur sem friðland árið 1975 samkvæmt þágildandi lögum um náttúruvernd nr. 47/1971. Friðlýsingin var endurskoðuð og friðlandið stækkað árið 2021 samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013. Í [auglýsingu um friðlýsingu](#) svæðisins er að finna þær reglur sem gilda um svæðið og aðrar upplýsingar um friðlandið.

Íslensk löggjöf sem hefur jafnframt þýðingu fyrir friðlandið í Flatey og stefnumótun þess, eru m.a. eftirfarandi:

- [Lög um náttúruvernd nr. 60/2013](#)
- [Lög um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995](#)
- [Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994](#)
- [Auglýsing um friðun æðplantna, mosa og fléttna nr. 1385/2021](#)
- [Lög um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018](#)
- [Lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011](#)
- [Lög um menningarminjar nr. 80/2012](#)
- [Reglugerð nr. 252/1996 um friðun tiltekinna villtra fuglategunda, friðlýsingu æðarvarps, fuglamerkingar, hamskurð o.fl.](#)
- [Reglugerð 456/1994 um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum](#)

Friðlandið í Flatey er innan verndarsvæðis Breiðafjarðar sem er verndað með [lögum nr. 54/1995](#). Ákvæði laganna taka m.a. til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja.

Friðlandið í Flatey liggur innan vatnshlotsins 101-1393-C Breiðafjörður friðland. Í vatnaáætlun sem er byggð á lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála eru sett umhverfismarkmið fyrir vatnshlot en samkvæmt markmiðum laganna skulu vatnshlot vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi. Vistfræðilegt ástand vatnshlotsins Breiðafjörður friðland er óflokkað. Vatnshlotið er á lista yfir vernduð og viðkvæm svæði skv. 25. gr. laga um stjórn vatnamála. Frekari upplýsingar um stjórn vatnamála ásamt vatnaáætlun eru að finna á vefsíðunni www.vatn.is.



Verndargildi og verndarflokkur

Verndargildi friðlandsins felst fyrst og fremst í því að svæðið er bú- og varpsvæði mikilvægra fuglastofna á íslenskan og alþjóðlegan mælikvarða, þ.m.t. sjaldgæfra varpfugla og fugla sem eru á [válista Náttúrufræðistofnunar Íslands 2018](#). Svæðið hefur hátt vísinda- og náttúruverndargildi.

Meðal hins fjölbreytta fuglalífs í friðlandinu má telja varpsvæði þórshana sem er sjaldgæfur fugl á landsvísu og er á válista sem tegund í hættu. Einnig verpa þar [ábyrgðartegundir Íslands](#) s.s. kría og lundi. Þá er æðarvarp innan marka friðlandsins. Á svæðinu eru miklar leirur með fjölbreyttu lífríki sem eru mikilvægar til fæðuöflunar fyrir margar tegundir fugla. Vísindalegt gildi svæðisins er mjög hátt og er fuglalíf vaktað og rannsakað þar reglulega.

Friðlandið hefur talsvert hagrænt gildi, bæði fyrir íbúa Flateyjar sem hafa beinar tekjur af svæðinu vegna nytja á hlunnindum en einnig fyrir aðila í nærsamfélaginu sem hafa óbeinar tekjur af svæðinu í tengslum við ferðapjónustu.

Flatey er friðlýst sem friðland skv. 49. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Friðlýsa má afmörkuð landsvæði sem friðlönd til að vernda tilteknar vistgerðir og búsvæði og styrkja verndun tegunda lífvera sem eru sjaldgæfar eða í hættu samkvæmt útgefnum válistum eða til að vernda lífríki sem er sérstaklega fjölbreytt eða sérstætt. Í auglýsingu um friðlýsingu er heimilt að kveða á um aðgerðir sem nauðsynlegar eru til að hlúa að og mæta þörfum tegunda sem verndin beinist að eða til að viðhalda búsvæðum eða vistgerðum. Takmarka má umferð um friðlönd á vissum tímum árs eða á tilteknum stöðum ef það er nauðsynlegt til að ná markmiði friðlýsingarinnar. Friðlýsing Flateyjar fellur því að verndarmarkmiðum fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir sem kveðið er á um í 2. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.




IUCN

Samkvæmt aðferðarfræði [IUCN](#) (Alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna) um flokkun friðlýstra svæða, fellur friðlandið í Flatey í flokk IV. Svæði í þeim flokki eru friðlýst í þeim tilgangi að vernda tiltekin vistkerfi, vistgerðir, tegundir og búsvæði þeirra og miðast stjórnun svæðisins við þá forgangsröðun. Það sem gerir verndarflokk IV frábrugðinn öðrum verndarflokkum er að sérstök áhersla er lögð á verndun, viðhald og/eða endurheimt ákveðinna tegunda dýra eða jurta sem eru í hættu samkvæmt útgefnum válistum eða til að vernda fjölbreytt og sérstök lífríki. Hafa þarf í huga að svæði í þessum verndarflokki eru oft lítill hluti stærri vistkerfa og viðhalda sér ekki endilega sjálf. Þá getur þurft að koma til reglulegra og virkra inngrípa til að tryggja lífheldni tegunda og verndun búsvæða.

Alþjóðlegar skuldbindingar

Íslenska ríkið hefur undirgengist skuldbindingar á alþjóðlegum vettvangi m.a. á sviði náttúruverndar. Eftirfarandi samningar eiga við um friðlandið í Flatey en nánari upplýsingar um alþjóðlega samninga á sviði náttúruverndar er að finna á [heimasíðu Umhverfisstofnunar](#).

- **CAFF - samþykkt um lífríkisvernd á norðurslóðum, frá 1992.**
- **Samningur Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (Ríósamningurinn), fullgiltur árið 1995.**
- **Bernarsamningurinn um vernd villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu, fullgiltur árið 1993.**
- **Ramsarsamningur, samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf, fullgiltur árið 1978.**
- **Árósasamningurinn um upplýsingaskyldu stjórnvalda og þátttöku almennings til ákvarðanatöku í umhverfismálum, fullgiltur árið 2011.**
- **Landslagssamningur Evrópu, fullgiltur árið 2020.**



Loftslagsþáttur

Friðlýst svæði skipta mörg hver miklu máli þegar kemur að vistkerfisþjónustu en hún er mannkyni mikilvæg. Hugtakið vistkerfisþjónusta lýsir virkni vistkerfa og því hvernig þau skapa mannfólki „þjónustu“ og lífsgrundvöll t.d. með hreinsun vatns og lofts og með sköpun verðmæta í náttúruauðlindum. Ólíkar vistgerðir skapa mismunandi vistkerfisþjónustu, t.a.m. eru ákveðnar vistgerðir þekktar fyrir kolefnisbindingu á meðan aðrar hreinsa vatn og enn aðrar stuðla gegn neikvæðum áhrifum náttúruvár.

Heilbrigð vistkerfi geta vegið upp á móti þeim áhrifum sem loftslagsbreytingar hafa. Friðlýsing svæða er mikilvæg aðgerð í baráttunni gegn loftslagsbreytingum þar sem þau vernda líffræðilegan fjölbreytileika og þá vistfræðilegu ferla sem þrífast innan þeirra. Friðlýst svæði geta virkað sem kolefnisgeymslur og viðnámssvæði fyrir nærliggjandi umhverfi og haft jákvæð áhrif á þá mikilvægu þjónustu sem náttúran veitir okkur.

Innan friðlandsins í Flatey eru votlendi og leirur sem hafa margþætt hlutverk í aðlögun og viðnámi gegn loftslagsbreytingum.



2.

Staða, stefna og leiðir



2. Staða, stefna og leiðir

Í þessum kafla verður leitast við að skilgreina markmið, útskýra framtíðarstefnu svæðisins og kortleggja aðgerðir sem framkvæma þarf á næstu árum í friðlandinu.

Kaflinn er settur upp þannig að fyrst er fjallað um hver staðan er á ritunartíma stjórnunar- og verndaráætlunarinnar og svo er dregin fram stefna og nauðsynlegar aðgerðir, þegar það á við, til að ná verndarmarkmiðum.

Aðgerðaáætlun fylgir stjórnunar- og verndaráætluninni. Þar er að finna þær aðgerðir sem farið verður í til að vinna að markmiðum áætlunarinnar. Aðgerðir eru áætlaðar með fyrirvara um að fjármagn til framkvæmda fáist úr Landsáætlun hverju sinni.

Umhverfisstofnun er ábyrgðaraðili aðgerðanna.


Aðkomuleiðir

Eina aðkomuleiðin að Flatey er frá sjó og allflestir koma þangað með Breiðafjarðarferjunni Baldri sem siglir milli Stykkishólms og Brjánslækjar með viðkomu í Flatey. Þegar komið er til hafnar í Flatey liggja gönguleiðir að friðlandinu. Hægt er að ganga út í svokölluð Heimalönd (eyjar og hólmar sem falla undir friðlýsingu) á stórstraumsfjöru. Áður fyrr var flugbraut í Flatey en hún hefur verið aflögð [1].

Umferð frá sjó

Öll landtaka frá sjó er óheimil innan friðlandsins. Öll umferð innan marka friðlandsins er óheimil á lokunartíma þess, hvort heldur sem er á landi eða sjó.

Þar sem mörk friðlandsins liggja nálægt landi getur umferð á sjó, rétt utan þeirra, valdið truflun á varptíma. Á liðnum árum hefur notkun vatnaleiktækja s.s. sjókatta og kajaka aukist við Flatey yfir sumartímamann, m.a. í tengslum við fjölgun í komum skemmtiferðaskipa. Leiktæki eins og sjókettir og sjódrekar (e. kitesurf) eru hraðskreið og kvik auk þess sem slík leiktæki geta verið hávær og haft neikvæð áhrif á fugla og fæðuöflunarsvæði þeirra. Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64/1994 skal ávallt gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Enn fremur er kveðið á um sérstaka aðgát í nánd við varplönd fugla í 4. mgr. 17. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.



Gróður og vistgerðir

Flatey er gróin og flatlend eins og nafnið gefur til kynna og er Lundaberg, hæsti hluti hennar, um 16 m yfir sjávarmáli.

Friðlandið í Flatey einkennist af túnum, votlendi, grasmóum og sjóflæðagróðri. Í Flatey hafa verið skráðar 118 tegundir æðplantna [2] og þar finnst marhálmur sem finna má nokkuð víða við vesturströnd landsins en er sjaldgæfur annars staðar. Tún eru nytjuð af ábúendum. Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands er að finna nokkrar votlendisvistgerðir með mjög hátt verndargildi á svæðinu en það eru gulstararflóavist, brokflóavist, starungsflóavist og tjarnastararflóavist. Aðrar vistgerðir sem hafa hátt verndargildi og finna má innan friðlands eru sjávarkletta- og eyjavist, grashólavist, bugðupuntsvist, finnungsvist og lyngmóavist á láglandi. Margar ofantalinna vistgerða eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Meðal fjöruvistgerða má m.a. telja klóþangsfjörur sem hafa mjög hátt verndargildi en einnig leirur, grýttur sandleir og líflitlar sandfjörur sem eru á lista fyrirnefnds Bernarsamnings.

Engar ágengar og/eða framandi tegundir er að finna í friðlandinu. Verði þeirra vart mun Umhverfisstofnun bregðast við með viðeigandi aðgerðum til upprætingar.

Stefna

Vernda skal gróður og vistgerðir innan friðlandsins. Koma skal í veg fyrir jarðvegsrof og gróðureyðingu af völdum ágangs gesta með stýringu umferðar, t.a.m. með viðhaldi gönguslóða, aukinni fræðslu og upplýsingagjöf.



Dýralíf

Í Breiðafirði er afar fjölbreytt dýralíf og þar er Flatey og umhverfi hennar ekki undanskilið. Ekki hafa verið stundaðar sérstakar rannsóknir á lífríki eða fuglum sem einskorðast við friðlandið í Flatey en auðsýnt er að það er innan áhrifasvæðis allra þeirra tegunda sem finna má í nágrenninu og er hluti af stærri vistkerfum. Um lífríki Breiðafjarðar er til fjöldi rannsókna en skv. sérfræðingum er þekking á náttúrulífspáttum svæðisins þó ófullnægjandi og frekari rannsókna þörf [2 og 6].

Breiðafjörður er á lista [BirdLife International](#) sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði. Þær fuglategundir sem ná alþjóðlegum verndarviðmiðum og reiða sig fyrst og fremst á [fjörur og grunnsævi](#) á Breiðafirði eru margæs, rauðbrystingur, sendlingur, tildra, álftir, grágæs, æður, lómur, toppönd og straumönd. Þær fuglategundir [sjófugla](#) sem ná alþjóðlegum verndarviðmiðum á Breiðafirði eru fýll, dílaskarfur, toppskarfur, æður, svartbakur, rita, kría, teista og lundi. Einnig er Breiðafjörður mikilvægasta varpsvæði hafarna á Íslandi.

Dr. Ævar Petersen hefur stundað samfellda vöktun og rannsóknir á fuglalífi í Flatey, þ. á m. innan friðlandsins, frá árinu 1975. Varp í Flatey er þéttara en víðast hvar annars staðar á Íslandi og stafar það af þeirri gnægð fæðu sem fyrirfinnst í umhverfinu vegna samspils landslags, sjávarfalla og frjósemi sjávar. Önnur ástæða fyrir þéttleika fuglavarps í Flatey er að afræningjar eru þar fáir. Til að mynda eru hvorki minkar, refir eða kettir í Flatey eða í nærliggjandi eyjum. Rottum, sem áður höfðu áhrif á varp, var útrýmt úr Flatey árið 1971 [7]. Fjöldi fuglategunda hefur sést innan friðlandsins í Flatey og þó nokkrar nýta friðlandið sem búsvæði, varpsvæði eða til fæðuöflunar. Í Flatey verpir um þriðjungur tegunda varpfugla á Íslandi eða um 25 tegundir alla jafna, þó að tegundafjöldinn geti verið breytilegur. Algengustu varpfuglar innan friðlandsins eru kría, æðarfugl og teista. Meðal annarra tegunda sem verpa í friðlandinu má nefna sjófugla á borð við lunda, fýl og máva og fugla sem sækja fæðu sína í fjörur og leirur, t.d. tjald, lóupræl og sandlóu. Enn fremur má nefna hrossagauk, óðinshana og stelk [7].



Meðal tegunda á vólsta Náttúrufræðistofnunar Íslands er þórshani. Þórshana eru sjaldgæf tegund á landsvísu og þekkt varpsvæði eru ekki mörg, þeim hefur fækkað umtalsvert á undanförunum árum. Verndun varpsvæða þórshana í friðlandinu er því mjög mikilvæg.

Króa og lundi, sem eru meðal ábyrgðartegunda Íslands, verpa einnig innan friðlandsins. Króa er metin í nokkurri hættu og lundi í bráðri hættu skv. vólsta Náttúrufræðistofnunar Íslands. Aðrar tegundir á vólsta eru stelkur sem er í yfirvofandi hættu; teista, fýll og sendlingur í hættu; æðarfugl og tjaldur í nokkurri hættu.


Á sundunum á milli eyja, hólma og skerja eru miklar leirur með fjölbreyttum sjávarlífverum og eru þær mikilvægar fæðustöðvar farfugla vor og haust, til að mynda rauðbrystings. Hann er á [heimsvólsta](#) IUCN yfir fugla í yfirvofandi hættu og er ein af ábyrgðartegundum Íslendinga.

Stefna

Vernda skal lífríki svæðisins sem og búsvæði fugla, einkum varpsvæði fágætra fuglategunda, innan friðlandsins. Öll umferð um friðlandið í Flatey er óheimil ár hvert á tímabilinu 15. apríl – 15. júlí skv. 6. gr. auglýsingar um friðlýsingu svæðisins. Hefðbundin nýting er þó heimil sbr. 12. gr. auglýsingarinnar. Í sérstökum tilfellum þar sem varpi seinkar, t.d. vegna veðurfarslegra aðstæðna, skal Umhverfisstofnun bregðast við því með lengingu lokunartíma og auglýsa það sérstaklega skv. a-lið 25. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Árlegar aðgerðir

- ***Umhverfisstofnun, í samstarfi við sérfræðing um lífríki svæðisins og ábúendur í Flatey, meti ár hvert hvort lengja þurfi lokunartíma friðlands vegna breytinga á varptíma í samræmi við ákvæði auglýsingar um friðland í Flatey.***






Jarðminjar og landslag

Jarðlögum á Breiðafirði hallar almennt til suðausturs eða suðsuðausturs inn að Snæfellsnessamhverfunni og mynduðust þau þegar Snæfellsnesrekbeltið var virkt. Mest eru þetta hraun og á milli eru þunn setlög sem að uppruna er jarðvegur sem myndaðist á milli gosa. Nokkrar fornar megineldstöðvar eru í Breiðafirði og er ein þeirra kennd við Flatey. Flateyjareldstöðin var líklega virk fyrir 11-12 milljónum ára en lítið sést í berg eldstöðvarinnar þar sem það er að mestu neðan sjávarmáls [4].

Flatey er rétt utan við jaðar öskju sem talin er liggja norðan eyjarinnar og á jarðfræðikorti eru jarðlögin merkt sem basísk eða ísúr hraun, eldri en 3,1 milljón ára [4 og 5].

Stefna

Vernda skal landslag og jarðmyndanir friðlandsins og gæta þess að framkvæmdir og ágangur manna rýri ekki ásýnd svæðisins og náttúruleg gæði. Við uppbyggingu innviða skal þess sama gætt.



Menningarminjar

Búseta í Flatey á sér langa sögu sem nær aftur til landnáms og mikill fjöldi minja hefur verið skráður í eygni. Í [Minjavefsja](#) Minjastofnunar Íslands má m.a. finna upplýsingar um minjar í friðlandinu. Núverandi byggð er á vesturhluta eyjunnar, utan friðlandsins.

Innan friðlandsins er listaverk eftir Jón Gunnar Árnason; Flateyjar-Freyr, guð frjóseminnar og fórnaraltari hans. Listaverkið var reist árið 1973 og er af mörgum talið hluti af menningarsögu eyjunnar.

Um menningarminjar og vernd þeirra fer skv. [lögum nr. 80/2012 um menningarminjar](#).

Stefna


Ef menningarminjum innan friðlandsins eru gerð skil í fræðsluefni Umhverfisstofnunar skal það gert í samráði við Minjastofnun Íslands.

Landnotkun

Ábúendur í Flatey nytja hluta friðlandsins til túnræktar, beitar og dúntekju. Tún innan friðlands eru slegin þegar varpi fugla er lokið. Sauðfjárbætur er utan túna og í eyjum og hólum innan friðlandsins. Æðarvarp er innan friðlandsins og dúntekja fer þar fram ár hvert.

Stefna

Stefnt skal að því að öll landnotkun innan friðlandsins verði með sjálfbærni að leiðarljósi og í samræmi við markmið um verndun svæðisins, skipulag og stjórnunar- og verndaráætlun. Tún skulu ekki slegin fyrr en að varptíma loknum. Nýting æðarvarps skal miða að því að valda sem minnstri truflun á dýralífi innan friðlandsins.



Ferðapjónusta og útivist


Fjöldi ferðamanna sem heimsækja Flatey hefur aukist talsvert á undanförunum árum. Farþegaferjan Baldur siglir á milli Stykkishólms og Brjánslækjar með viðkomu í Flatey og er tíðni ferða breytileg. Komur skemmtiferðaskipa í Flatey er nýlunda og gert er ráð fyrir því að þeim muni fjölga í framtíðinni. Hótel og tjaldsvæði eru starfrækt utan friðlýsta svæðisins í Flatey á sumrin. Ferðamannatíminn einskorðast nánast við sumarmánuðina og algengt er að ferðamenn stoppi þar í nokkrar klukkustundir á milli ferða, þá daga sem ferjan siglir tvisvar á dag. Friðlandið í Flatey er meðal annars aðdráttarafl fyrir fuglaáhugafólk og er svæðið vinsælt til fuglaljósmyndunar. Einnig sækja margir friðlandið heim til að berja augum trélistaverk Jóns Gunnars Árnarsonar af frjósemisguðinum Frey. Enn aðrir heimsækja friðlandið sem hluta af hringferð um eyjuna í þeim tilgangi að njóta útiveru og útsýnis á svæðinu.

Stefna

Með skiltum og annarri fræðslu verði upplýsingum um lokunartíma friðlandsins komið á framfæri til gesta. Sé lokunartími lengdur skal það auglýst skv. a-lið 25. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Gæta skal að þolmörkum svæðisins og að ferðapjónusta þar sé sjálfbær þannig að álag vegna hennar hafi ekki áhrif á verndargildi svæðisins. Leitast skal við að fræða og upplýsa gesti um friðlandið og stuðla að auknum samskiptum við ferðapjónustuaðila sem nýta sér svæðið.

Árlegar aðgerðir

- ***Umhverfisstofnun óski eftir gögnum frá ferðapjónustuaðilum um fjölda ferðamanna sem heimsækja Flatey, eftir þörfum.***
- ***Upplýsingum um lokunartíma friðlandsins sé komið á framfæri við ferðapjónustuaðila ef tilefni er til.***



Umsjón og landvarsla

Umhverfisstofnun annast umsjón og rekstur friðlandsins í Flatey. Svæðið heyrir undir starfsstöð Umhverfisstofnunar á Patreksfirði.

Framfarafélag Flateyjar hefur staðið að árlegri hreinsun í fjörum innan friðlandsins.

Stefna

Yfir sumartímann skal starfsmaður Umhverfisstofnunar fara í reglulegt eftirlit til Flateyjar, að lágmarki tvisvar sinnum. Ef tilefni er til mun Umhverfisstofnun meta þörf á aukinni landvörslu á svæðinu. Stefnt skal að hreinsun friðlandsins eftir þörfum.

Aðgerðir:

Starfsmaður Umhverfisstofnunar skal fara í eftirlitsferðir um friðlandið að lágmarki tvisvar sinnum yfir sumartímann og metur m.a. þörf á hreinsun innan þess.

Gönguleiðir og aðgengi

Friðlandið er opið almenningi utan lokunartíma. Lokunartími friðlandsins er 15. apríl til 15. júlí en þá er öll umferð um það óheimil. Gestir friðlandsins skulu fylgja göngulslóða sem liggur um það frá friðlandsmörkum við Lundaberg norðanmegin í eygni að friðlandsmörkum sunnan megin í Flatey. Gönguslóðin er að mestu gömul kindagata og ekki aðgengilegur hjólastólum. Gegnt er í eyjar friðlandsins, suður af Flatey, á stórstraumsfjöru.

Stefna

Gönguslóðin skal vera lítt upp byggður og með þeim hætti að hann stýri umferð um friðlandið svo ekki myndist ummerki um álag utan hans. Árlega skal meta hvort innviðir þjóni hlutverki sínu, þ.e. hvort gestir leiti út fyrir slóðann, hvort skemmdir séu að myndast á umhverfi svæðisins og hvort innviðirnir veiti gestum jákvæða upplifun og fræðslu um náttúrufar svæðisins.

Aðgerðir

- Umhverfisstofnun meti árlega árangur stýringar á umhverfi friðlandsins.
- Umhverfisstofnun sjái til þess að gönguslóðanum verði viðhaldið eftir föngum.



Skilti og fræðsla

Í friðlandinu eru tvö fræðsluskilti, annað við Lundaberg að norðanverðu og hitt nálægt Garðavör að sunnanverðu. Tvö aðkomuskilti eru við mörk friðlandsins þar sem lokunartími þess kemur fram. Innan friðlandsmarka eru einnig tvö stór og áberandi stöðvunarskilti með upplýsingum um æðarvarp, gefin út af Náttúruvernd ríkisins. Einnig er fræðsluskilti um Flatey við Teinæringsvog sem er utan friðlands, þar koma m.a. fram upplýsingar um friðlýsta svæðið.

Breiðafjarðarnefnd hefur gefið út [fræðslubæklinga](#) um Breiðafjörð og Breiðafjarðarfléttan, samtök ferðapjónustuaðila umhverfis Breiðafjörð, hefur gefið út bæklinginn „A birdwatcher's paradise“ um fuglaskoðunarstaði í og við Breiðafjörð. Árið 2020 gaf Fornleifastofnun Íslands út minja- og göngukort af Flatey.

Framfarafélag Flateyjar heldur úti heimasíðu um Flatey á slóðinni www.flatey.com og hefur gefið út leiðsögukort um eyjuna með upplýsingum um náttúru og menningu. Þá er einnig að finna fróðleik um Flatey á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Stefna

Upplýsinga- og fræðsluefni um náttúru, sögu og menningarminjar friðlandsins og þær umgengnisreglur sem gilda um svæðið skulu vera aðgengilegar almenningi. Upplýsingarnar skulu settar fram á skýran og auðskilinn hátt svo gestir svæðisins meti, skilji og tengist þeim náttúruminum sem verið er að vernda. Stefnt skal að því að nýta þá tækni sem í boði er hverju sinni til að koma upplýsingum og fræðslu á framfæri svo sem með rafrænum lausnum eða öðru sem kann að henta.



Kvikmyndatökur, viðburðir og samkomuhald

Undanfarin ár hefur áhugi á kvikmynda- og ljósmyndatökum, listviðburðum og samkomuhaldi innan friðlýstra svæða á Íslandi aukist. Verkefni og athafnir af þessu tagi geta haft í för með sér neikvæð áhrif á lífríki og umhverfi og eru því leyfisskyld. Leyfishafar hlýta leiðbeiningum, skilyrðum, og eftir atvikum, eftirliti Umhverfisstofnunar.

Stefna

Kvikmyndatökur, listviðburðir og samkomur sem skipulagðar eru innan friðlandsins utan lokunartíma þess skulu vera háðar leyfi Umhverfisstofnunar og ekki raska gróðri eða dýralífi. Sækja skal um leyfi á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Sérregla

- *Kvikmyndatökur, listviðburðir og samkomuhald í friðlandinu er óheimilt nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar.*

Mönnuð og ómönnuð loftför

Innan friðlandsins er hvorki að finna flugvöll né skilgreindan landingarstað fyrir þyrlur.

Flug ómannaðra loftfara er óheimilt í friðlandinu nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. 6. gr. auglýsingar um friðlýsingu svæðisins.

Stefna

Stefnt skal að því að vernda kyrrð friðlandsins og raska hvorki dýralífi né trufla upplifun gesta.

Sérregla

- *Óheimilt er að lenda mönnum loftförum innan friðlandsins nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Undanþegið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir.*


Rannsóknir og vöktun

Sem fyrr segir hefur lífríki friðlandsins ekki verið rannsakað eitt og sér en það er lítill hluti stærri heildar vistkerfa á Breiðafirði. Fjöldi lífríkisrannsókna hafa verið gerðar í Flatey, bæði af einstaklingum og opinberum stofnunum og er fuglalíf þar ágætlega þekkt. Talningar og merkingar hafa farið fram á nokkrum tegundum í Flatey og nágrenni hennar sem hluti stærri rannsókna [2,3 og 8].

Upplýsingar um lífríki í Flatey og á Breiðafirði, s.s. um fugla og vistgerðir, er að finna á heimasíðu [Náttúrufræðistofnunar Íslands](#). Einnig er unnt að finna upplýsingar um rannsóknir á heimasíðum [Breiðafjarðarnefndar](#) og [Náttúrustofu Vesturlands](#) sem og á leitargátt íslenskra safna, [Leitir](#), með því að setja inn viðeigandi leitarorð.

Samkvæmt 74. gr. laga um náttúruvernd ber Náttúrufræðistofnun Íslands ábyrgð á vöktun lykilmáttu íslenskrar náttúru að því marki sem hún er ekki falin öðrum stofnunum. Stofnunin á að vinna heildstæða áætlun um vöktun og skipuleggja framkvæmd hennar. Jafnframt á Náttúrufræðistofnun Íslands að vinna vöktunaráætlun fyrir friðlýst svæði í samráði við Umhverfisstofnun sem skal vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar viðkomandi svæðis.

Árið 2019 hófst samvinna Náttúrufræðistofnunar, Umhverfisstofnunar, Vatnajökulspjóðgarðs, Þingvallapjóðgarðs og náttúrustofa um gerð vöktunaráætlana fyrir náttúruverndarsvæði, þ.m.t. friðlýst svæði, og er hún unninn samhliða vinnu Náttúrufræðistofnunar við gerð heildstæðrar vöktunaráætlunar fyrir lykilmáttu íslenskrar náttúru. Vöktunaráætlun fyrir náttúruverndarsvæði mun fela í sér forgangsröðun svæða og áherslur í vöktun á hverju svæði fyrir sig. Ekki er búið að vinna vöktunaráætlun fyrir friðlandið í Flatey en þegar því er lokið mun hún verða viðauki við þessa stjórnunar- og verndaráætlun. Á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands má finna frekari upplýsingar um [vöktun náttúruverndarsvæða](#).



Heimildir

1. Arnþór Gunnarsson, Saga flugvalla og flugleiðsögu á Íslandi, Isavia, Reykjavík (2018).
2. Gunnar Þór Hallgrímsson og Ævar Petersen. Stöðuskýrsla um náttúrufarsrannsóknir á Breiðafirði. Náttúrufræðistofnun Íslands (2005).
3. Halldóra Skarphéðinsdóttir og Karl Gunnarsson, Lífríki sjávar í Breiðafirði - yfirlit rannsókna, 1997.
4. Haukur Jóhannesson 1986. Þættir úr jarðfræði Breiðafjarðarsvæðisins. Breiðfirðingur 44, 59-75.
5. Haukur Jóhannesson 1994. Jarðfræðikort af Íslandi, blað 2, Miðvesturland, önnur útgáfa. Náttúrufræðistofnun Íslands og Landmælingar Íslands, Reykjavík.
6. Róbert A. Stefánsson, Menja von Schmalensee og Kristinn Haukur Skarphéðinsson (ritstj.) Rannsóknir og vöktun á lífríki Breiðafjarðar. Niðurstöður sérfræðingafundar í Stykkishólmi 12.-13. september 2007. Breiðafjarðarnefnd (2008).
7. Ævar Petersen, Varpfuglar Flateyjar á Breiðafirði og nokkurra nærliggjandi eyja, Náttúrufræðingurinn, 49:2-3 (1980), bls. 229-256.
8. Ævar Petersen og Sverrir Thorstensen, Nýlegar rannsóknir á fuglum í Breiðafjarðareyjum, Breiðfirðingur, 64: (2016), bls. 174-190.

3.

Sérreglur

Þetta er fyrsta línan í þessum skýrslu.

Þetta er önnur lína í þessum skýrslu.

Þetta er þriðja lína í þessum skýrslu.

Þetta er fjórða lína í þessum skýrslu.

Þetta er fimmta lína í þessum skýrslu.

Þetta er sexunda lína í þessum skýrslu.

Þetta er sjöunda lína í þessum skýrslu.

Þetta er áttaunda lína í þessum skýrslu.

Þetta er níunda lína í þessum skýrslu.

Þetta er tíunda lína í þessum skýrslu.

Þetta er ellefta lína í þessum skýrslu.

Þetta er tólfunda lína í þessum skýrslu.

Sérreglur

Sérstakar reglur um umferð manna og dvöl í friðlandinu í Flatey sem settar eru í samræmi við ákvæði 2. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd eru eftirfarandi:

- 1. Kvikmyndatökur, listviðburðir og samkomuhald í friðlandinu er óheimilt nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar.***
- 2. Óheimilt er að lenda þyrlum/mönnuðum loftförum innan friðlandsins nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Undanþegið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir.***

